



Mennta- og barnamálaráðuneyti
Borgartúni 33
105 Reykjavík
mrn@mrn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 25. mars 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um námsgögn, mál nr. S-74/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) og aðildarsamtök þess, Samtök menntatæknifyrirtækja (hér eftir „IEI“), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um námsgögn, mál nr. S-74/2024, sem birt var í samráðsgátt 11. mars 2024.

SI og IEI fagna efnistöfum frumvarps til laga um námsgögn og vilja benda á nauðsyn þess að tryggja aðgengi að fjölbreyttum og skilvirkum námsgögnum á fjölbreyttu formi fyrir ólíkan aldur ásamt jöfnu aðgengi að slíku efni óháð búsetu.

Fagnaðarefni er að í frumvarpinu er lagt til að börn að 18 ára aldri muni, að loknu innleiðingatímabili, eiga rétt á gjaldfrjálsum námsgögnum í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Vilja samtökin og IEI þó benda á að framhaldsskólinn er það skólastig sem tekur að meðaltali fleiri en tvö ár að ljúka og því þarf að tryggja með einhverjum hætti að kostnaður við kaup á námsgögnum aftri nemendum ekki frá útskrift. Einnig þarf að tryggja að áformin nái einnig til kostnaðar við námsgögn í iðn-, verk og tækninám.

SI og IEI fagna áformum um innleiðingu menntatækni inn í frumvarp til laga um námsgögn og aukinni áherslu á stuðning við nýsköpun og útgáfustarfsemi sem tekur mið af örrí tækniþróun og samfélagsbreytingum. Á Íslandi starfa í dag um fimmtán fjölbreytt menntatæknifyrirtæki sem sérhæfa sig í námsgagnagerð, útgáfu sem snertir bókmenntir og stöðu íslenskrar tungu annars vegar og skilvirkari og nútímalegra formi hins vegar¹. Rekstur þessara fyrirtækja hefur hingað til verið mjög þungur vegna hamlandi markaðsráðandi stöðu ríkisins á námsefnismarkaði. Fagna samtökin þeim skrefum sem tekin eru með þessu frumvarpi í átt að fleiri útgáfuaðilum á markaði sem stuðla að nýsköpun, þróun og útgáfu námsgagna hér á landi. Með því færast Ísland nær því sem við sjáum í nágrannalöndum okkar.

Þau skref sem tekin eru með þessu frumvarpi ættu að leiða til aukinnar nýsköpunar og fjölbreyttni í námsgagnaframleiðslu hér á landi en þó aðeins ef Námsgagnasjóður, sem veita á skólum landsins aukin tækifæri að kaupa námsgögn utan þeirra sem veitt eru í gegnum Menntamálastofnun, verði stórefldur líkt og kemur fram í frumvarpinu. Mikilvægt er að sú efling verði tryggð til lengri tíma, en dragist ekki saman líkt og tíðkast hefur á síðustu árum.

¹ <https://www.si.is/idnadur-og-hugverk/samtok-menntataeknifyrirtaekja/>




Þá mun efling þróunarsjóðs námsgagna einnig ýta undir nýsköpun og fjölbreytni í námsgagnagerð héraðs en einungis ef fyrirnefnd efling Námsgagnasjóðs á sér stað, ellegar eða að auki breytt kaupstefna Menntamálastofnunar svo þau námsgögn sem þróuð eru komist á markað. Án framangreindra aðgerða er líklegt að þau verkefni sem styrkt eru dagi uppi vegna ónæggra forsenda til útgáfu vegna fyrirnefnds markaðsbrests.


Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum málsins. Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins


Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
mennta- og mannauðsmálum SI

f.h. Samtaka menntatæknifyrirtækja


Íris E. Gísladóttir, formaður verkefnastjóri í